

Auglýsing

1
2. febr.

um

breyting á reglugjörð fyrir Háskóla Íslands 9. okt. 1912.

Samkvæmt þegnlegum tillögum dóms- og kirkjumálaráðherrans hefir Hans hátign konunginum þann 28. desember 1921 allramildilegast þóknast að staðfesta eftirfylgjandi breyting á reglugjörð fyrir Háskóla Íslands 9. okt. 1912.

Fyrri hluti 49. gr. orðist svo: Embættisprófin í læknisfræði.

Embættisprófinu skal skift í þrent, fyrsta, annan og þriðja hluta.

Áður en kandídatinn segir sig til fyrsta hluta prófsins skal hann hafa lokið undirbúningsprófi í efnafræði.

Prófið í efnafræði er bæði munnlegt og verklegt. Skal taka meðaltal af einkunum fyrir báðar úrlausnirnar og telja sem eina einkunn, sem telst til aðaleinkunnar við embættispróf.

Prófgreinar í fyrsta hluta embættisprófs eru þessar:

I. Líffærafræði (anatomia).

II. Lífeðlisfræði (physiologia).

Prófið er að eins munnlegt.

Prófgreinar í öðrum hluta embættisprófs eru þessar:

I. Sjúkdómsfræði (pathologia).

Prófið er munnlegt og verklegt.

II. Lyfjafræði (pharmacologia).

Prófið er aðeins munnlegt.

Prófgreinar í þriðja hluta embættisprófs eru þessar:

a. Skriflegar prófgreinar:

I. Handlæknisfræði (chirurgia).

II. Lyflæknisfræði (medicina).

III. Rjettarlæknisfræði (medicina forensis).

b. Munnlegar prófgreinar:

I. Handlæknisfræði.

- 1**
2. febr.
- II. Lyflæknisfræði.
 - III. Yfirsetufræði (ars obstetricia).
 - IV. Heilbrigðisfræði (hygienica).
 - c. Verklegar prófgreinar:
 - I. Handlæknisaðgerð (operatio chirurgica).
 - II. Handlæknisvitjun (Clinica chirurgica).
 - III. Lyflæknisvitjun (clinica medicinalis).

Þetta birtist hjer með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. febr. 1922.

Jón Magnússon.

G. Sveinbjörnsson

2
13. febr.

Konungleg auglýsing

um

að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
 Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
 Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Þareð Vjer höfum í hyggju að ferðast til útlanda, viljum Vjer samkvæmt 1. gr. laga 11. febrúar 1871, um ríkisstjórn, þegar svo stendur á, að konungur er ekki orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða fjarverandi, sbr. 3. gr. dansk-íslenskra sambandslaga, að ríkisstjórn í fjarvist Vorri sje falin á hendur ríkisarfanum.

Því birtum Vjer hjermeð Vorum kærú og trúú þegnum, að sonur Vor elskulegur, hans konunglega tign krónprins Christian Frederik Franz Michael